

## Hnattræn kristin siðfræði á tímum loftslagsbreytinga

Verkhyggjunálgun Willis Jenkins

### Kristin siðfræði og arfleifð H. Richards Niebuhr

Hvað er á seyði? (*What is going on?*) Þessa spurningu áleit hinn þekkti tuttugustu aldar guðfræðingur og siðfræðingur H. Richard Niebuhr (1894–1962) vera grunnspurningu kristinnar siðfræði.<sup>1</sup> Spurninguna átti að skilja sem leiðarvísun að því hvernig kristin siðfræði skyldi takast á við helstu vandamál í menningunni, greina þau og bjóða fram lausnir. Nálgun Niebuhrs byggðist á þeirri forsendu að kristin siðfræði væri mikilvæg rödd í menningunni og samfélaginu og framlag hennar því gagnlegt og nauðsynlegt.<sup>2</sup> Samfélagsleg vandamál taldi hann þurfa stöðugar endurtúlkunar við og í sérhverri endurtúlkun skyldi fléttað inn raunverulegri lýsingu á því sem væri á seyði í heiminum. Byrja skyldi á að afla sér staðgóðrar þekkingar á því sem raunverulega væri að gerast, leggja siðferðilegt mat á það og bjóða síðan upp á vel rökstuddar úrlausnir. Slíka samsetta nálgun taldi Niebuhr vera til þess fallna að auka skilning á hinum þéttofna vef valdatengsla og samfélagslegra vandamála auk þess sem þessi nálgun sýndi hvernig Guð væri að verki í sérhverjum aðstæðum. Þannig undirstrikaði Niebuhr stöðuga viðleitni kristinnar siðfræði að reynast fagnaðarerindinu trú. Kirkjuskilningi hans má lýsa með svipuðum hætti. Kirkjan átti að hans mati að vera virkur og ábyrgur aðili í samfélaginu. Hún hefði ákveðnu frumkvæðishlutverki að gegna og henni bæri að bregðast við óréttlæti hvar sem það fyrirfyndist. Þá skyldi hún verða fyrst til að móta ábyrgar og réttlátar verklagsreglur fyrir eigin valdhafa. Stöðug endurskoðun og endurtúlkun á eigin stöðu og frammistöðu var þannig hluti af ímynd og starfi kirkjunnar og kristinnar siðfræði að mati Niebuhrs.<sup>3</sup>

Rit Lútherska heimssambandsins um loftslagsbreytingar frá árinu 2009, *God, Creation, and Climate Change*, endurspeglar kirkjuskilning Niebuhrs að verulegu leyti, en fyrsti kaflinn er helgaður spurningunni „Hvað er á seyði?“. Sviðsmyndir þær sem dregnar eru upp í ritinu varpa ljósi á málið; margvíslegar veðurfarslegar öfgar ógna lífi manna og dýrategunda á jörðinni, óvenjulegir þurrkar, hitar, kuldar, flóð og stormar — allt eru það dæmi um „það sem er á seyði af mannavöldum“ í veröldinni nú um stundir.<sup>4</sup>

<sup>1</sup> Mannskilningur H. Richards Niebuhrs kemur vel fram í orðum hans um að maðurinn sé hvorki markmiðsknúin vera né regludýr heldur sé hann andsvarsvera (e. *answerer*) sem bregðist við umhverfi sínu af ábyrgð. Niebuhr skrifaði í þekktustu bók sinni, *The Responsible Self* (sem var gefin út eftir dauða hans árið 1963): „Responsibility, however, proceeds in every moment of decision and choice to inquire: what is going on?“, *The Responsible Self: An Essay in Christian Moral Philosophy*, New York: Harper and Row, Louisville: Westminster John Knox Press, 1999 [1963], bls. 60.

<sup>2</sup> H. Richard Niebuhr, *Christ and Culture*, New York: Harper, 1951.

<sup>3</sup> H. Richard Niebuhr, *The Responsibility of the Church for Society and Other Essays*, Louisville: Westminster John Knox Press, 2008, bls. 74–75. Bókin inniheldur þrjár ritgerðir sem Niebuhr skrifaði á árunum 1945 til 1960. Tvo þekktu guðfræðinga má nefna sérstaklega sem orðið hafa fyrir miklum áhrifum frá Niebuhr en það eru þeir James Gustafson og Stanley Hauerwas. Arfleifð H.R. Niebuhrs lifir enn í dag, sérstaklega meðal bandarískra guðfræðinga.

<sup>4</sup> *God, Creation, and Climate Change: A Resource for Reflection and Discussion*, The Lutheran World Federation, 2009, sótt 30. mars 2017 af: [http://www.e-alliance.ch/fileadmin/user\\_upload/docs/God\\_Creation\\_and\\_Climate\\_Change.pdf](http://www.e-alliance.ch/fileadmin/user_upload/docs/God_Creation_and_Climate_Change.pdf).

Hvar er þá Guð í loftslagsbreytingunum, hver er þáttur hans í yfirstandandi veðurfarslegum öfgum, svo að áfram sé vísað til grunnspurningar Niebuhrs? Um það fjallar drjúgur hluti *God, Creation, and Climate Change* þar sem því er hafnað að vilji Guðs búi að baki loftslagsbreytingum.<sup>5</sup> Framar öðru skyldi orsakanna leitað í syndugu framferði manna. Sjónum er beint að neysluhyggju, auðhyggju og ofnýtingarstefnu vestrænna ríkja og þar er talin liggja rót vandamálsins. En þrátt fyrir að maðurinn sé syndugur og „kengboginn inn í sjálfan sig“, eins og Lúther orðaði það, er hann talinn fær um að stuðla að réttlæti í heiminum.<sup>6</sup> Ástæðan er sú að hann er skapaður í Guðs mynd.<sup>7</sup> Með því að grípa til *imago dei* líkingarinnar sveigja þeir sem halda um pennann í *God, Creation, and Climate Change* inn á mjög svo klassískar brautir kristinnar siðfræði þar sem ábyrgðarhlutverk mannsins innan sköpunarverksins er boðað. Siðfræðileg niðurstaða varðandi orsakir loftslagsbreytinga er sú að þar sé á ferð misnotkun manna á valdi. Syndugt mannkyn verði að iðrast gerða sinna, snúa af rangri braut og vinna að loftslagsréttlæti.<sup>8</sup>

Svipaða guðfræðilega og siðfræðilega túlkun og þá sem birtist í *God, Creation, and Climate Changes* má sjá í skrifum fjölda kristinna samtímaguðfræðinga sem velt hafa fyrir sér umhverfis- og náttúruvandamálum og það í mörgum tilvikum löngu áður en loftslagsbreytingar komust á dagskrá.<sup>9</sup> Eitt dæmi er vistguðfræði<sup>10</sup> Sallie McFague en hún er í hópi þeirra sem hvað ákafast hafa hvatt til aukinnar ábyrgðar mannsins á náttúrunni og lífríkinu og undirstrikað mikilvægi þess að maðurinn skilji stöðu sína í heiminum.<sup>11</sup> Manneskjan er ekki kóróna sköpunarverksins í þeirri merkingu að hún sé yfirboðari hennar og drottari, ítrekar McFague í skrifum sínum, fremur er hún samverkamaður annarra lífvera sem allar eiga rétt á að lifa og dafna á jörðinni. Forsenda skrifa McFague er sú að menningarlegar hugmyndir um Guð, mann og heim eigi stóran þátt í hnattrænni hlýnun og þeim vandamálum sem fylgja henni. Hún telur guðsmyndina og mannskilninginn leika eitt stærsta hlutverkið í kristinni menningu og leggur megináherslu á að endurskoða hvort tveggja. Breyttur skilningur á mannum og Guði í vestrænni menningu leiðir, að hennar mati, til breyttrar framkomu manna innan sköpunarverksins. Mikilvægi framlags guðfræðilegrar siðfræði liggur því á hinu táknræna sviði, þ.e. við endurtúlkun menningarbundinna hugmynda og gilda.<sup>12</sup> Þar er að finna réttu leiðina að raunverulegum og nauðsynlegum breytingum á heiminum.<sup>13</sup>

Markmiðið með þessum dæmum úr ranni kristinnar siðfræði á sviði umhverfis- og náttúruverndarmála er að varpa ljósi á viðtekna nálgun innan kristinnar siðfræði en arfleifið

<sup>5</sup> *God, Creation and Climate Change*, bls. 19–24.

<sup>6</sup> Sama rit, bls. 27–31.

<sup>7</sup> Talið er að heilagur Ágústínus hafi upphaflega lýst hinum synduga manni með þessu móti (lat. *incurvatus in se*) en framsetning Marteins Lúther í fyrirlestri um Rómverjabréfið er sú sem oftast er vitnað til í lúthersku samhengi en hann bætti við einu orði: „*incurvatus in se ipsum*“! Bæði Ágústínus og Lúther byggja orð sín á orðum Páls postula í Rómverjabréfinu 7.15, 18–20.

<sup>8</sup> *God, Creation and Climate Change*, bls. 35–39.

<sup>9</sup> Sem dæmi um guðfræðinga sem voru snemma áberandi á þessum vettvangi og rit þeirra má nefna: Rosemary Radford Ruether, *New Woman, New Earth: Sexist Ideologies and Human Liberation*, New York: HarperCollins Publishers, 1975; Rosemary Radford Ruether, *Gaia and God: An Ecofeminist Theology of Earth Healing*, New York: HarperCollins Publishers 1992; Sallie McFague, *Metaphorical Theology: Models of God in Religious Language*, Philadelphia: Fortress Press, 1982; Sallie McFague, *Models of God: Theology for an Ecological, Nuclear Age*, London: SCM, 1987; Vandana Shiva, „Let Us Survive“, *Women, Ecology and Development: Women Healing Earth: Third World Women on Ecology*, ritstj. Rosemary Radford Ruether, Maryknoll, New York: Orbis, 1996.

<sup>10</sup> Hugtakið vistguðfræði (e. *ecothology*) vísar hér til heildrænnar nálgunar þar sem lífríkið eða vistkerfið allt er undir, ekki aðeins umhverfi manneskjunnar.

<sup>11</sup> Sallie McFague, *The Body of God*, Minneapolis: Fortress Press, 1993; Sallie McFague, *A New Climate for Theology: God, the World, and Global Warming*, Minneapolis: Fortress Press, 2008.

<sup>12</sup> Hér mætti nefna miklu fleiri guðfræðinga sem byggja vistguðfræði sína á sömu forsendu og McFague.

<sup>13</sup> Sólveig Anna Bóasdóttir, „Loftslagsbreytingar í guðfræði: Um breytta guðsmynd í kristinni, femínískri vistguðfræði“, *Ritid: Tímarit Hugvísindastofnunar* 3/2011, bls. 99–118.

Niebuhrs hefur verið sterk allt fram á þennan dag eins og sést í fyrrnefndu riti frá Lútherska heimssambandinu. Siðfræðileg hlið nálgunar Niebuhrs gekk út á að hefja gagnrýna rannsókn á tákfræði menningarinnar. Forsendan var sá skilningur að tákneimurinn leggi grunn að því sem á sér stað í raunheiminum. Viljum við breyta hinum raunverulega heimi verðum við að endurhugsa tákneiminn! Þáttur kristinnar siðfræði í þessu hugmyndalíkani gengur út á að endurskoða guðfræðilegar og siðfræðilegar hugsjónir, reglur, viðmið og gildi og tengja þau svo við vandamál líðandi stundar. Þannig er athyglinni t.d. beint að svokölluðum fölskum hugmyndum menningarinnar um stöðu mannsins, sérstaklega að meintri rangtúlkun á eigin mikilvægi innan lífríkisins. Niðurstaða flestra nýlegra vistguðfræðilegra og siðfræðilegra túlkana er á einn og sama veg: Hlutverk kristinnar siðfræði hvað það varðar að hamla gegn loftslagsbreytingum felst í að endurhugsa stöðu mannsins innan sköpunarverksins.<sup>14</sup> Hin siðfræðilega vinna fer samkvæmt þessu fram á fræðilegu plani þar sem hugmyndir menningarinnar um Guð, gildi, mann og heim eru endurskoðaðar. Veruleikanum er hægt að breyta með því að breyta hugmyndunum um hann.

Hvert er vandamálið við siðfræðilega nálgun af þessu tagi? James M. Gustafson, sem telja má til einna helstu lærisveina Niebuhrs, segir það vera vöntun á hagnýtum lausnum.<sup>15</sup> Annað vandamál sem Gustafson bendir á, sem er ekki síður áhugavert, er sjálf forsendan sem unnið er út frá, nefnilega að menning og samfélag á hugmyndaplaninu hafi svo gagnger áhrif á gerðir manneskjunnar sem raun ber vitni. Vandamálið við slíkan skilning, að mati Gustafsons, er að hann torveldar þá mikilvægu túlkun á stöðu mannsins í heiminum að hann sé fær um að brjóta undan kúgun og ofbeldi af ýmsu tagi. Ef við ímyndum okkur að menningin sé með manneskjuna í greipum sínum, svo að segja, sé skrefið stutt yfir í að álíta manneskjuna vanhæfa eða jafnvel óhæfa til aðgerða að eigin frumkvæði. Of sterkar hugmyndir um hjartök menningarinnar ógni atbeina (e. *agency*) mannsins, frelsi og möguleikum til að stuðla að breytingum í samfélaginu.<sup>16</sup>

Guðfræðingurinn Willis Jenkins tekur undir með Gustafson en bætir því við að við núverandi aðstæður sé vandamálið ekki síður það að þessi leið sé of tímafrek og öll frestun á að takast á við loftslagsbreytingar finnst honum vera siðferðilega ótæk.<sup>17</sup> Jenkins, sem kallar hina viðteknu kristnu siðfræðinálgun heimsmyndarnálgun (e. *cosmological strategy*) til aðgreiningar frá þeirri sem hann mælir með og er aðalefni síðari hluta þessarar greinar, hafnar þeirri nálgun ekki endilega heldur segir einfaldlega að hún sé ófullnægjandi við þær aðstæður sem nú séu uppi.<sup>18</sup>

Þegar hér er komið sögu ber að ítreka það að loftslagsbreytingar af mannavöldum eru taldar eitt flóknasta og alvarlegasta umhverfisvandamál allra tíma.<sup>19</sup> Talið er að vandinn,

<sup>14</sup> Nýleg dæmi um þess háttar niðurstöðu má t.d. sjá í verkum Williams Schweiker, *Responsibility and Christian Ethics*, Cambridge: Cambridge University Press, 1995, og *Theological Ethics and Global Dynamics: In the Time of Many Worlds*, Malden, MA: Blackwell, 2004. Svipuð stef má finna hjá Elizabeth A. Johnson, *Ask the Beasts: Darwin and the God of Love*, London, New Delhi, New York, Sidney: Bloomsbury, 2014.

<sup>15</sup> James M. Gustafson (f. 1925) er bandarískur guðfræðingur og siðfræðingur sem mótað hefur fleiri en eina kynslóð guðfræðinga, bæði austan hafs og vestan. Hann hafði verið prófessor við háskólann í Yale, Chicago og Emory er hann fór á eftirlaun árið 1998, eftir 43 ára kennslu og rannsóknir.

<sup>16</sup> James M. Gustafson, *Ethics from a Theocentric Perspective 2*, Chicago: University of Chicago Press, 1981, bls. 1, 72.

<sup>17</sup> Willis Jenkins, *The Future of Ethics: Sustainability, Social Justice, and Religious Creativity*, Washington, DC: Georgetown University Press 2013, bls. 79. Jenkins talar um að margir þurfi að koma að endurskoðuninni og síðan þurfi sá hópur að sannfæra enn stærri hóp um réttmæti niðurstaðnanna. Ómögulegt sé að vita hvort og hvenær eitthvað komi út úr því.

<sup>18</sup> Jenkins sýnir guðfræðingum þeim sem unnið hafa í anda heimsmyndarnálgunarinnar fulla virðingu og ber lof á verk þeirra. Nú séu hins vegar uppi þeir tímar er kristin siðfræði þurfi að fara ótroðnar slóðir og leita nýrra leiða sem hæfa viðfangsefninu.

<sup>19</sup> Greinarbestu upplýsingarnar að mínu mati um stöðuna í þessum málaflökki er að finna á heimasíðu Veðurstofu Íslands: <http://www.vedur.is/loftslag/loftslagsbreytingar/breytast>. Þar má kynna sér erlendar sem innlendar skýrslur auk túlkana starfsmanna Veðurstofunnar á margvíslegu efni. Einkum er efnið eftir dr. Halldór Björnsson mjög upplýsandi og aðgengilegt.

sem er hnattræns eðlis, muni hafa mjög mismunandi afleiðingar á lífríkið eftir stöðum á hnettinum, og það krefst margra og mismunandi sérhæfðra lausna.<sup>20</sup> Í París 2015 skuldbundu flest ríki heims sig til að draga svo úr losun gróðurhúsalofttegunda að takast mætti að halda hlýnun jarðar innan við 2°C á þessari öld.<sup>21</sup> Parísarsamkomulagið öðlaðist gildi þann 4. nóvember 2016 eða þegar 30 dagar voru frá því að 55 ríki höfðu fullgilt samkomulagið. Ísland er aðili að Parísarsamkomulaginu og fullgilti það 21. september 2016 en markmið Íslendinga er hið sama og markmið Evrópusambandsins, þ.e. að draga úr losun þannig að nettólosun árið 2030 verði 40% minni en útstreymi á árinu 1990. Þessu markmiði á að ná annars vegar með því að taka áfram þátt í viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir og hins vegar með því að draga úr losun í þeim geirum sem ekki falla undir viðskiptakerfið, sem og að auka bindingu kolefnis með landgræðslu, skógrækt og endurheimt votlendis. Málefni tengd loftslagsbreytingum eru flestum vel kunn nú um stundir og verður ekki farið nánar út í þau hér.<sup>22</sup> Nýlegar íslenskar skýrslur um málið, eins og það blasir við frá sjónarhóli Íslands og Íslendinga, hafa verið kynntar alþingi og þar hefur verið dregin upp grafalvarleg staða.<sup>23</sup> Öllum sem fylgjast með almennri umræðu má ljóst vera að Íslendingar hafa ekki staðið sig sem skyldi fram til þessa og tæpast er lengur um það deilt að umfangsmikilla aðgerða sé þörf ef standa á við Parísarsamkomulagið. Það málefni er þó ekki meginumræðuefni þessarar greinar og því verður ekki farið nánar út í það.

Eins og áður hefur verið vikið að hófu kristnir guðfræðingar og siðfræðingar tiltölulega snemma afskipti af umhverfis- og náttúruverndarmálum.<sup>24</sup> Það sem vakti þann áhuga meðal annars var sú staðhæfing miðaldasagnfræðingsins Lynns White Jr. (1907–1987) að vistfræðileg vandamál sem voru efst á baugi um miðjan sjöunda áratug síðustu aldar ættu sér kristnar rætur.<sup>25</sup> Það má því segja að það hafi verið White sem upphaflega tengdi umhverfisvandamál við kristna trúarmenningu og gildi. Ein meginstaðhæfing greinar hans var að mannhverfa kristni væri einstök. Tengsl kristinnar mannhverfu og umhverfisvandamála birtust þannig að á þeim svæðum heims þar sem kristin trú hefði haft sterka menningarlega stöðu hefði mönnum leyfist að ráðskast með náttúruna að vild. Spádómur Whites fyrir fimmtíu árum var sá að vestræn, iðnvædd samfélög, með tilstyrk kristinnar trúar, væru á góðri leið með að valda óafturkræfum skaða á lífríkinu. Lokaorð hans voru á þann veg að ef allt færi á versta veg þá bæri kristindómurinn mikla ábyrgð á því.

Spá Whites reyndist síður en svo of svartsýn þótt hann hafi að sjálfsögðu ekki getað sagt nákvæmlega fyrir um það flókna fyrirbæri sem við nú köllum loftslagsbreytingar af mannavöldum. Hins vegar má spyrja hvort skýringarlíkan hans, sem hefur verið ráðandi allt fram á þennan dag innan kristinnar umhverfissíðfræði, sé í fullu gildi. Er það virkilega svo einfalt að loftslagsbreytingar megi skrifa á reikning *bugmynda* iðnvæddra þjóða um mann, heim og

<sup>20</sup> World Meteorological Organization, *Climate breaks multiple records in 2016, with global impacts*, 21. mars 2017; sótt 23. apríl 2017 af: <https://public.wmo.int/en/media/press-release/climate-breaks-multiple-records-2016-global-impacts>.

<sup>21</sup> Parísarsamkomulagið er sá samningur sem undirritaður var á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í desember 2015: [http://unfccc.int/files/essential\\_background/convention/application/pdf/english\\_paris\\_agreement.pdf](http://unfccc.int/files/essential_background/convention/application/pdf/english_paris_agreement.pdf).

<sup>22</sup> Sjá skýrslur og annað efni um loftslagsbreytingar á heimsíðu Veðurstofu Íslands: <http://www.vedur.is/loftslag/loftslagsbreytingar/breytast>.

<sup>23</sup> Skýrsla umhverfis- og auðlindaráðherra um stöðu og stefnu í loftslagsmálum, lögð fram á 164. löggjafarþingi 2016–2017, sótt 23. apríl 2017 af: <http://www.althingi.is/altext/pdf/146/s/0289.pdf>.

<sup>24</sup> Sólveig Anna Bóasdóttir, „Loftslagsbreytingar í guðfræði“, bls. 99–118; „Eyðilegging og heilagleiki náttúrunnar: Umhverfisguðfræði Elizabeth A. Johnson í samtali við Lynn White og Charles Darwin“, *Ritrið Guðfræðistofnunar*, 41/2015, bls. 73–81; „Trú og loftslagsbreytingar: Yfirlýsingar trúarleiðtoga og kirknasamtaka í aðdraganda COP21“, *Ritrið: Tímarit Hugvísindastofnunar*, 1/2016, bls. 73–99.

<sup>25</sup> Lynn White, „The Historical Roots of Our Ecologic Crisis“, *Science* (hefti 655) 3767/1967 [bls. 1203–1207].

náttúru? Þetta er að sjálfsögðu mjög stór spurning sem ekki er hægt að gera nein viðhlítandi skil hér. Hér er í brennidepli framlag kristinnar siðfræði til vandamála sem tengjast yfirstandandi vistkreppu, en ég er þeirrar skoðunar, eins og margir fleiri, að tímabært sé að nálgast svo flókið vandamál með mun meiri blæbrigðum en kristin siðfræði hefur gert fram til þessa. Kristin siðfræði gerir því rétt, að mínu mati, að fylgja ekki einvörðungu gömlu götunum, styðjast ekki aðeins við troðnar slóðir Niebuhrs og félaga, heldur vera opin fyrir margs konar skapandi leiðum og útfærslum á þessu sviði.

Það sem eftir lifir greinar verður sjónum beint að svokallaðri verkhyggjunálgun innan ramma kristinnar siðfræði og rýnt í túlkun siðfræðingsins Willis Jenkins sérstaklega í því samhengi, en eins og áður er fram komið gagnrýnir hann hefðbundna heimsmyndar-nálgun.<sup>26</sup> Gagnrýni hans er þó mun margþættari en svo að hann gagnrýni aðeins hefðbundna heimsmynd heldur snýr hún að því hvernig skuli skilgreina hugtökin „vistkreppa“ og „umhverfisvandamál“, hvernig breytingar eigi sér stað innan trúarlegra hefða og loks hvað teljist breyting.<sup>27</sup> Hér verður ekki gerð frekari grein fyrir gagnrýni Jenkins en einblínt á þær leiðir sem hann leggur til lausnar umhverfisvanda heimsins.<sup>28</sup> Hvað hefur þá sú kristna verkhyggjunálgun sem hann mælir með í samhengi loftslagsbreytinga fram að færa? Hvað auðkennir hana og í hvaða merkingu er hún hnattræn?

## Verkhyggja Willis Jenkins

Jenkins lítur á loftslagsbreytingar sem einfalt heiti yfir flókinn vanda með fjölda óvissuþátta sem engin leið sé að finna neinar augljósar lausnir á. Með þeim lausnum þar sem einblínt er fyrst og fremst á tæknilegar hliðar málsins sé litið fram hjá þeirri staðreynd að mannkyn hafi engin tók á að breyta vistkerfunum til baka til þess ástands sem ríkti fyrir iðnbyltingu heldur muni jarðarbúar þurfa að lifa við þær aðstæður sem upp eru komnar um ókomna tíð. Ályktun Jenkins virðist vissulega nokkuð bölsýn en stóra spurningin í hans huga er siðferðilegs edlis og varðar það hvernig mannkyni muni auðnast að takast á við verkefnið með réttlátum og ábyrgum hætti. Það er verkefnið sem öll siðræn samfélög standa frammi fyrir, að hans mati, þ.e. að sammælast um hvernig skuli laga sig að hinum nýju aðstæðum, samhliða því að breyta af ábyrgð og réttlæti.<sup>29</sup>

Jenkins byrjar á því að beina athyglinni að forsendum kristinnar siðfræði en í anda Niebuhrs telur hann að kristin siðfræði eigi að vera virkt samfélagsafl sem taki sér stöðu á jaðrinum með þeim sem Jesús sagðist vera kominn til að leysa undan ánaud og þjáningu (sbr. Lúk 4.18). Siðfræðilega staðnæmist hann fyrst við valdið sem mannkyn hefur tekið sér yfir vistkerfum jarðar, án þess að átta sig á afleiðingum gerða sinna. Hann stillir sig um að predika um illsku og syndir mannkyns í því sambandi og segir framlag kristinnar siðfræði ekki vera siðapredikun eða leit að sökudólgum en bendir þó skýrt á ábyrgð þeirra sem

<sup>26</sup> Hér vil ég benda á meistararitgerð Sindra Geirs Óskarssonar, *Guð og grænir skógar: Guðfræðileg og siðfræðileg rök fyrir umhverfisáðgerðum og grænu kirkjustarfi á Íslandi* frá 2016 en í henni fjallar hann ítarlega um verkhyggjunálgun Jenkins, sótt 18. maí 2017 af: [http://skemman.is/stream/get/1946/25948/58950/1/Sindri\\_Geir\\_-\\_Guð\\_og\\_Graenir\\_skogar.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/25948/58950/1/Sindri_Geir_-_Guð_og_Graenir_skogar.pdf).

<sup>27</sup> Willis Jenkins, „After Lynn White: Religious Ethics and Environmental Problems“, *Journal of Religious Ethics* 37:2/2009, bls. 283–309.

<sup>28</sup> Mikilvægt er að ítreka að Jenkins hafnar ekki þeirri vinnu sem kristnir siðfræðingar hafa innt af hendi í þessum málaflökki heldur segir hana ófullnægjandi.

<sup>29</sup> Willis Jenkins, *The Future of Ethics*, bls. 16–39.

valdið hafi. Þar fetar hann troðnar slóðir Niebuhrs og fleiri sem unnið hafa með ábyrgðarhugtakið og ábyrgð sem siðferðislegan einkennisþátt mannsins.<sup>30</sup> En snúum nú ábyrgðarhugtakinu aðeins og spyrjum hvar megi finna ábyrg viðbrögð við loftslagsbreytingum nú um stundir? Það er spurning sem Jenkins liggur mjög á hjarta.

Jenkins er alls ófheiminn við að staðsetja sig innan arfleifðar Niebuhrs og telur kristna siðfræði mikilvæga rödd í samfélaginu sem beri að leggja sitt af mörkum til lausna á fyrirbyggjandi vandamálum.<sup>31</sup> Samtímis er hann meðvitaður um að helsta gagnrýni á Niebuhr er sú að hann bjóði engar hagnýtar leiðir sem nýst geti til breytinga í samfélaginu! Jenkins vísar til skrifa ýmiss samverkafólks á vettvangi kristinnar siðfræði, t.d. guðfræðingsins Traci West en hún hefur bent á að réttindabarátta bandarísks blökkufólks í upphafi síðustu aldar hafi verið uppspretta fræðilegra hugleiðinga þekkra guðfræðinga eins og Marteins Luthers King og Reinholds Niebuhr, eldri bróður Richards Niebuhr, um vald, ábyrgð og félagslegt réttlæti.<sup>32</sup> Fleiri guðfræðingar hafa tjáð svipaða skoðun, þ.e. að verk aðgerðasinna veiti fræðimönnum efnivið sem þeir nýti til að færa rök fyrir kenningum sínum. Ein þeirra, Mary McClintock Fulkerson, orðar það svo að skapandi guðfræðileg hugsun verði ætíð til á grundvelli sársaukafullrar reynslu raunverulegs fólks því að slík reynsla vekir samúð og þar með þörf til að bregðast við.<sup>33</sup> Þessi afstaða má segja að sé þekkingarfræðileg uppistaða verkhyggjunálgunar Jenkins í hnotskurn. Þekking á lausnum til að komast undan ofbeldi og kúgun er ekki úr lausu lofti gripin heldur kemur hún frá þeim sem þekkja slíkar aðstæður á eigin skinni. Hugmyndin um þekkingarlegt forskot hinna kúguðu er skammt undan hér, svo að vísað sé til þekkts orðalags innan frelsunarguðfræði.<sup>34</sup> Þekkingin sem um ræðir er þó aldrei endanleg, miklu fremur er hún hluti af safni hagnýtra ráða um hvernig hefja megi eða halda áfram hinni löngu vegferð frá kúgun og ofbeldi til réttlátara lífs. Það sem við þetta bætist, í því samhengi sem Jenkins skrifar, er sú áhersla að kristin loftslagssiðfræði eigi að leita sem víðast. Þar á hann við t.d. að hún megi ekki einskorðast við ákveðinn heimshluta heldur eigi hún að víkka út landhelgina og leita samstarfs í öðrum heimshlutum og menningu en sinni venjulegu. Hún þurfi að vera vel upplýst um trúarlega iðkun og aðferðir mismunandi grasrótarhópa og frjálsra félagasamtaka þar sem fólk, þar á meðal kristið fólk, prófar sig áfram og leitar lausna andspænis hinum mörgu og misjöfnu ógnum af völdum loftslagsbreytinga.<sup>35</sup>

## Fimm nálganir kristinna trúarhópa andspænis loftslagsbreytingum

Hér að framan má segja að komin sé útskýring og réttlætning á verklagi Jenkins og nálgun. Skapandi aðgerðir og útsjónarsemi ólíkra trúarhópa vítt og breytt um veröldina telur hann nægilega trausta undirstöðu hnattrænnar kristinnar siðfræði á tímum loftslagsbreytinga þar

<sup>30</sup> Sbr. neðanmálgrein nr. 1.

<sup>31</sup> Skrif Niebuhrs eiga margt sameiginlegt með riti Ernst Troeltsch frá því í upphafi 20. aldar, sjá Ernst Troeltsch, *The Social Teaching of the Christian Churches*, þýð. [úr þýsku] Olive Wyon, Louisville, KY: Westminster John Knox Press, 1992 (upphaflega gefið út 1911).

<sup>32</sup> Traci C. West er þeldökkur, femínískur guðfræðingur og siðfræðingur sem hefur skrifað um kynþáttahyggju, blökkukonur og siðfræði andstöðunnar, sjá t.d. *Wounds of the Spirit: Black Women, Violence and Resistance Ethics*, New York og London: New York University Press, 1999. West hefur rannsakað mjög nákvæmlega starfsemi ýmissa aðgerðahópa sem voru á vettvangi á sama tíma og þessir miklu andans menn skrifuðu bækur sínar, sjá nánar Traci C. West, *Disruptive Christian Ethics: When Racism and Women's Lives Matter*, Louisville: Westminster John Knox Press, 2006.

<sup>33</sup> Mary McClintock Fulkerson, *Places of Redemption: Theology for a Wordly Church*, New York: Oxford University Press, 2007.

<sup>34</sup> Mikil áhersla var lögð á þetta atriði innan frelsunarguðfræðinnar, þ.e. að lausnirnar á samfélagslegri kúgun og ofbeldi yrðu að koma frá þeim sem þekktu það á eigin skinni. Frelsunarguðfræðin á rætur sínar í Mið- og Suður-Ameríku í byrjun 8. áratugar síðustu aldar og í henni er lögð áhersla á að boðskapur Jesú hafi fyrst og fremst snúist um að skapa réttlæti í samfélaginu.

<sup>35</sup> Willis Jenkins, *The Future of Ethics*, bls. 67–69.

sem engar öruggar leiðir fram á við séu þekktar, enda aðstæðurnar fordæmalausar. Með þessu vill hann einfaldlega víkka sjónarsviðið og leita til hópa á vettvangi sem veitt geti innsæi og innblástur í siðfræðilegar umþenkingar. Jenkins leggst því næst í greiningu á því hvernig kristnir trúarhópar hafa mætt loftslagsbreytingum fram til þessa og nefnir fimm nálganir í því sambandi. Fyrsta hópinn kallar hann *afneitunarsinna* en þeir líta svo á að ekkert siðferðilegt vandamál sé til staðar þar sem þeir trúna ekki niðurstöðum vísindanna um loftslagsbreytingar. Túlkun Jenkins á afneitun kristinna trúarhópa á loftslagsbreytingum er á þann veg að þá skorti siðferðilegan styrk til að horfast í augu við vandamálið auk þess sem þeir finni engar nýjar leiðir áfram sem styðjast megi við og því sé einfaldast að afneita því.<sup>36</sup> *Heimsendanálgunin* er önnur kunn nálgun en þar er, öfugt við þá fyrri, lögð áhersla á mikilvægi siðferðilegs ímyndunarafls frammi fyrir áskorunum eins og loftslagsbreytingum. Jenkins skiptir þessari nálgun upp í tvennt; í fyrra tilvikinu er gert ráð fyrir algjöru hruni siðmenningarinnar, raunverulegum heimsendi sem ekkert fái stöðvað en í hinu síðara lagar fólk sig að hugmyndum Biblíunnar um hina síðustu tíma og boðar að eitthvað taki við eftir hamfarir af völdum loftslagsbreytinga. Auð- og neysluhyggju menningarinnar er stundum líkt við Róm eða Babýlon og er þá hreinlega vonast eftir hruni þessara fyrirbæra líkt og hruni hinna fornu, spilltu borga. Með báðum útgáfum heimsendanálgunarinnar eru ósjálfbærir lífshættir samtímans gagnrýndir og bornir saman við lífshætti Jesú. Boðskapur beggja er að ráðast þurfi gegn þeirri menningu sem sé völd að loftslagsbreytingum og það sé liður í því að vinna að komu friðarríkis Krists. Heimsendir verður því í báðum tilvikum eftir-sóknarverður og nauðsynlegur og best er að hann verði sem allra fyrst. Forsenda nýrra tíma er hrun núverandi menningar, á því byggist endurkoma Krists sem menn biða með óþreyju.<sup>37</sup>

Þriðju nálguninni líkir Jenkins við *talsmannsaðferðir* en þá nálgun segir hann birtast skýrast í sameiginlegum yfirlýsingum kristinna kirkjudeilda. Hann nefnir yfirlýsingar Alkirkjuráðsins sem dæmi um þetta en þær hafa verið fjölmargar á undanförunum árum í samhengi við loftslagsbreytingar. Svipað mætti segja um Lútherska heimssambandið sem einnig hefur sent frá sér mikið efni um loftslagsbreytingar á undanförunum árum.<sup>38</sup> Með talsmannsleiðinni er guðfræðilegum rökum óspart beitt til að vega, meta og túlka pólitískar aðgerðir og stefnuyfirlýsingar valdhafa og í henni er síðan mælt með ákveðnum leiðum og lausnum sem leiða muni til réttlætis. Kristur birtist í þessu efni yfirleitt sem vitur kennari sem boðar réttlæti og samúð í garð náunga okkar. Hugmyndin um loftslagsréttlæti hefur einmitt komið fram í þessu samhengi, en þar er leitast við að útvíkka hugmyndir um félagslegt réttlæti manna í millum svo að þær nái til yfirstandandi breytinga sem ógna bæði vistkerfum og fólki. Veikleika þessarar nálgunar segir Jenkins vera þann helstan að aðgerðir einskorðast við pólitíska samninga og stefnumótun en minni áhersla er lögð á breytingar og breytni kristins fólks þar sem fólk taki ábyrgð á eigin lífi með breyttum lífsháttum.<sup>39</sup>

*Boðunarleiðin* er fjórða nálgunin sem Jenkins nefnir. Sú leið felst ekki í trúboði í hefðbundinni merkingu heldur er fremur reynt að hafa bein áhrif á hugarfar og gerðir fólks, koma áleiðis nýjum boðskap sem fái fólk til að endurhugsa líf sitt og daglegar gjörðir. Í þennan flokk falla t.d. tilraunir með kolefnisföstu og kolefnistíund, verkefni sem snúa að því að samfélög aðlagist loftslagsbreytingum. Þá er einnig reynt er að orða loftslagsvandann

<sup>36</sup> Sama rit, bls. 46–48.

<sup>37</sup> Sama rit, bls. 48–50.

<sup>38</sup> Sólveig Anna Bóasdóttir, „Trú og loftslagsbreytingar“, bls. 73–99.

<sup>39</sup> Willis Jenkins, *The Future of Ethics*, bls. 50–51.

í bænalífi, biblíulestrum og á trúarlegum samkomum. Kallað er eftir samtali milli ólíkra hópa sem laðað geti fram breytingar og nýja breytni fólks á skapandi hátt. Áhersla er lögð á samræmi milli orða og verka. Jenkins er jákvæður í garð þessarar nálgunar og sér mikla möguleika fólga í henni fyrir samfélagið. Grunnurinn er samstaða og samvinna ólíkra hópa en þótt verkefni breyti ekki alltaf miklu telur hann að með þeim geti skapast dýrmat reynsla sem nýta megi fyrir ný og skapandi verkefni.<sup>40</sup>

Fimmta og síðasta nálgunin sem Jenkins nefnir vísar út fyrir kristna trúarhefð, nánar tiltekið til frumbyggja víðs vegar um veröldina sem hafa reynslu af að lifa af margs konar breytingar í aldanna rás á náttúrunni og umhverfinu. *Frumbyggjanálgunin* byggist á reynslu af stöðugri tilvistarbaráttu við óblíðar aðstæður, en loftslagsbreytingar eru enn ein áskorunin sem þessi margbreytilegi hópur stendur nú frammi fyrir. Baráttuaðferðir frumbyggja fyrir tilvistarrétti sínum sækja jöfnum höndum í arfleifð þeirra og átök við núverandi aðstæður. Þeir sem aðhyllast frumbyggjaleiðina benda gjarnan á hliðstæður milli kúgunar nýlenduherra á frumbyggjum um allan heim og ániðslu mannsins á náttúrunni sem birtist m.a. í yfirstandandi loftslagsbreytingum. Með frumbyggjaleiðinni leitast menn við að opna augu fólks fyrir ábyrgð sinni á kúgun náttúrunnar sem birtist í loftslagsbreytingum og kalla eftir réttlátu andsvari við henni. Hugtakið réttlæti er miðlægt hér en loftslagsréttlæti snýst meðal annars um að brjóta af sér hlekki margra alda gamallar nýlendustefnu og kúgandi hugmyndafræði sem enn litar menningu og samfélag.<sup>41</sup>

Jenkins reynir að finna eitthvað nýtilegt hjá flestum þessum hópum, þó síst hjá afneitunarsinum. Allir hóparnir nema þeir taki loftslagsbreytingar alvarlega og átti sig á að þær ógna tilvist lífríkis jarðarinnar en þar sem viðbrögð afneitunarsinna feli enga skapandi leiðarvísun í sér sé ekkert hægt að læra af henni. Það sem hann metur mest hjá öllum hópunum er krafturinn og áráðið sem birtist þannig að þeir eru tilbúnir til að taka áhættu, prófa sig áfram án þess að eiga nokkuð víst um árangur. Hinn skapandi þróttur er nauðsynlegur svo að hægt sé að leita nýrra leiða, gefast ekki upp þótt verkefni beri ekki mikinn árangur. Samkvæmt Jenkins felst ómetanlegt tækifæri í því hvað sprotar trúarhópanna ná oft víða og geta því haft mikil áhrif. Stærstu kristnu kirkjudeildirnar starfi vítt og breytt um veröldina, bæði á suður- og norðurhveli jarðar, og geti áorkað miklu með starfi sínu. Með þetta að leiðarljósi leggur Jenkins nú á djúpið í þeirri trú að verk og aðgerðir trúarhópa séu mikilvæg uppspretta þekkingar og skilnings fyrir kristna siðfræði sem geti með tilstyrk þeirra þróað möguleika fyrir siðferðilega getu og hæfni til að taka ábyrgð á fordæmalausum vandamálum af völdum loftslagsbreytinga.<sup>42</sup>

En segir verkhyggjunálgunin eitthvað nánar um hlutverk siðfræðingsins og siðfræðinnar? Þessu svarar Jenkins á þann veg að hlutverk siðfræðingsins sé að taka virkan þátt í knýjandi verkefnum þar sem reynt sé að stemma stigu við loftslagsbreytingum. Einkum sér hann fyrir sér að siðfræðingurinn nýtist vel við túlkun og mat á gagnsemi verkefnisins en líka megi hugsa sér að hann nýtist í þróunarvinnunni í upphafi verkefna.<sup>43</sup> Hann styðji þau verkefni sem hann hafi trú á og bendi með gagnrýnum hætti á veikleika og styrkleika þeirra. Kostað sé kapps um að benda á leiðir sem samrýmist þeim mörgu og mismunandi

<sup>40</sup> Sama rit, bls. 51–53.

<sup>41</sup> Sama rit, bls. 53–54.

<sup>42</sup> Sama rit, bls. 57–59. Rætur verkhyggju í bandarísku guðfræðilegu samhengi ná langt aftur og fjöldi bandarískra guðfræðinga og siðfræðinga hafa aðhyllist einhverja tegund útfærslu hennar. Hér verður ekki gefið yfirlit yfir rök og mótrök annarra en Jenkins sjálf um réttlætingu þessarar nálgunar, en ljóst er að hann staðsetur sig í þessari hefð og dregur þar með upp mun fyllri mynd en ella af guðfræðilegu samhengi hennar. Nöfn guðfræðinga sem hafa tekið þátt í orðræðunni um kosti og galla verkhyggju innan guðfræði eru t.d. Alasdair MacIntyre, Jeffrey Staut, John Howard Yoder, James Gustafson og Stanley Hauerwas.

<sup>43</sup> Willis Jenkins, *The Future of Ethics*, bls. 83.



bjargráðum sem fyrirfinnist innan viðkomandi hefðar. Það sé þó langt því frá einfalt að tengja saman hina knýjandi þörf í samfélaginu fyrir mótvægisáðgerðir annars vegar og bjargráð trúarhefða hins vegar. Hvað virki hér og nú sé alltaf matsatriði og allt orki tvímælis þá gert er! Kirkjan sé í þessu samhengi ekki fulltrúi kyrrstæðrar heimsmyndar, sögu eða hefðar í hefðbundnum skilningi. Fremur megi líkja henni við lifandi og frjóa félagshreyfingu eða trúboðsverkefni þar sem stöðugt sé leitast við að finna nýja möguleika til andsvars gagnvart Guði í erfiðum og sibreytilegum aðstæðum.<sup>44</sup>

Af þessu virðist ljóst að Jenkins hefur fulla trú á því að kristin siðfræði og þar með siðfræðingurinn sjálfur geti reynst gagnlegur þátttakandi í aðstæðum eins þeim sem nú eru uppi. Verkhyggjunálgunin helgast af því að hún er í sterkum tengslum við veruleikann, mætir honum augliti til auglitis með djörfung og dug. Kristin tákni og kristnar frásagnir eru meðal hinna mikilvægu, hagnýtu bjargráða sem siðfræðin notar sem túlkunarlykla til að varpa ljósi á raunverulegar aðstæður. Hlutverk siðfræðinnar virðist því nátengt hlutverki kirkjunnar, svo að vísað sé til Niebuhrs í hvers anda Jenkins vinnur, nefnilega því hlutverki að túlka og leggja mat á áðgerðir svo að þær megi verða sem áhrifaríkastar í þágu málstaðar þeirra sem höllustum fæti standa. Kristin siðfræði og kristnir siðfræðingar eru ábyrgir aðilar í heiminum sem Guð vill að einkennist af réttlæti. Forsenda verkhyggjunálgunarinnar er að siðfræðin, líkt og kirkjan, sé skapandi og frjótt afl sem beri að hafa og geti haft áhrif á þróun samfélagsins. Forsendan er jafnframt að allar manneskjur séu skapandi og virkar siðferðisverur sem hafi bolmagn til að bregðast við ógnum, eins og loftslagsbreytingar af mannavöldum sannarlega eru, af ábyrgð. Frumkvæði, sköpunarkraftur og hæfni manneskjunnar til breytinga er þannig grunnforsenda allrar umræðu Jenkins í þessu samhengi.

## Meningarskilningur Jenkins

Meginatriðið í lýsingu Jenkins á kristinni siðfræði undir merkjum verkhyggju virðist vera það að siðfræðin þróist í nánnum tengslum við atburði sem gerast á vettvangi og hann vísar í því sambandi til túlkunar Marteins Luthers King á inntaki kærleikans.<sup>45</sup> Sú túlkun varð til á vettvangi, skrifar hann, í beinum tengslum við réttindabaráttuhreyfingu blökkumanna á sínum tíma. King var á staðnum og þekkti þá sem fórnúðu lífi sínu fyrir málstaðinn og predikaði um hvað fælist í því að elska óvini sína út frá því.<sup>46</sup> Jenkins gerir ekki mikið úr gagnrýni guðfræðinga á borð við John Howard Yoder og Stanley Hauerwas sem benda á að ofangreind túlkun geti stefnt einstöku inntaki kristinnar siðfræði í hættu.<sup>47</sup> Segja má að hefðar- og menningarskilningur Jenkins leiki stærstu hlutverkin í andsvari hans og styðji þá skoðun að röksemdir og áðgerðir tengist ætíð náíð og hvort tveggja stuðli að áðgerðum og umbótum í samfélaginu. Hefðin og menningin eru ekki kyrrstæð fyrirbæri heldur eru þessi fyrirbæri í stöðugri notkun, skrifar hann, en með því á hann við að við beitum þeim fyrir okkur til að skilja, skýra og réttlæta það sem við teljum rétt að aðhafast, eða láta vera að aðhafast, í samfélaginu hverju sinni. Það sem nú „sé á seyði“, þ.e. loftslagsbreytingarnar sem ógna öllu lífi á jörðinni, sé þess konar vandamál að það kalli á að allir sem vettlingi geti

<sup>44</sup> Sama rit, bls. 84.

<sup>45</sup> Martin Luther King Jr., „Loving Your Enemies“, predikun flutt í Dexter Avenue Baptist Church 17. nóvember 1957, sótt 18. maí 2017 af: [http://kingencyclopedia.stanford.edu/encyclopedia/documentsentry/doc\\_loving\\_your\\_enemies.1.html](http://kingencyclopedia.stanford.edu/encyclopedia/documentsentry/doc_loving_your_enemies.1.html).

<sup>46</sup> Martin Luther King Jr., „Letter from Birmingham City Jail“, *Testament of Hope: The Essential Writings and Speeches*, ritstj. James M. Washington, New York: HarperCollins, 1986, bls. 300.

<sup>47</sup> Stanley Hauerwas, *Truthful and Tragedy*, Notre Dame: University of Notre Dame Press, 1989, og John Howard Yoder, *For the Nations: Essays Evangelical and Public*, Grand Rapids: Eerdmans, 1997. Segja má að Jenkins takist þarna á við tvö stórveldi innan kristinnar siðfræði.

valdið taki til verka, hver á sínum stað, og noti til þess alla þá útsjónarsemi og hugvit sem hugsast getur.<sup>48</sup>

Í þessari umræðu koma menningin og hefðin inn í myndina en hvort tveggja skilur Jenkins sem *tæki* sem við notum, fremur en t.d. *vef* sem umlykur okkur. Með slíkan menningarskilning að vopni skýrist hlutverk kristinnar siðfræði enn betur. Kristin siðfræði er tæki eins og öll önnur hugmyndafræði í menningunni og þar með sjálfsagður þátttakandi í viðbrögðunum í hinum knýjandi aðstæðum sem uppi eru nú. Hana má einfaldlega *nota* sem breytingaafli enda býr hún yfir fjölda bjargráða sem leitt geta og stutt mannkyn áfram á erfiðri vegferð framundan. Miklu flóknari en svo er ekki boðskapur Jenkins um tengsl menningarinnar og kristinnar siðfræði. Kristin siðfræði er lifandi tæki í menningunni, segir hann, tæki sem hefur margsinnis verið notað og nýtt til breytinga, og hann tekur líf og starf Marteins Luthers King enn sem dæmi um baráttu fyrir réttlæti sem skilaði miklu en leiddi þó að lokum til dauða hans. Líf og barátta Kings er áþreifanleg fyrirmynd Jenkins, raunverulegt dæmi um virkni verkhyggju á vettvangi sem jafnframt snerist upp í fórn. King, áréttar Jenkins, var óhræddur við að sækja sér alls kyns verkfæri í menninguna og samfélagið sem hann síðan beitti til að andæfa grófum mannréttindabrotum. Allt þetta mismunandi göss sló hann saman í þéttan vef þar sem ítrasta krafan var sú að reynast trúr kristnum boðskapur. Í öllu því sem hann tók sér fyrir hendur, útskýrir Jenkins, leit King svo á að hann væri að bregðast við boði Guðs um að sýna kærleika í verki. King endurnýjaði sig stöðugt og beitti stöðugt nýjum verkfærum, segir Jenkins, en aftekur að kalla hann tækissinna, í þeirri merkingu að hann hafi smættað kristinn boðskapur og gert minna úr honum en ástæða var til. Þvert á móti, skrifar Jenkins, sprengdi King rammann margsinnis í viðleitni sinni að endurskapa og umbreyta samfélagi sem einkenndist af kynþáttahyggju og kúgun hvítra manna á svörtum. Í verkum Kings hafi hinn kristni kærleikur ekki verið aðlagður að sársauka hinna niðurlægðu heldur hafinn upp yfir hann. King deildi sársaukanum með hinum kúguðu og tók þátt í hjálpræðisverki Guðs sem fólst í að innlima alla í einn líkama Guðs. Þannig getur þátttaka grasrótahræfinga sem mæta raunverulegum þjáningum fólks í trú og verki samtímis verið þátttaka í hjálpræðisverki Guðs í heiminum. Með þessum orðum endar Jenkins réttlætingu sína fyrir verkhyggju undir kristnum formerkjum.<sup>49</sup>

Við höfum nú fengið innsýn í inntak kristinnar verkhyggju í túlkun og útfærslu Jenkins. Til að byggja enn betur undir hana tengir Jenkins hana saman við menningarskilning sem hann fær að miklu leyti að láni frá félagsfræðingnum Ann Swidler og að einhverju leyti hjá guðfræðingnum Kathryn Tanner.<sup>50</sup> Með því að velja þennan ákveðna menningarskilning leitast hann við að draga úr vægi kyrrstæðra gilda, heimsmyndar, hugsjóna og tákna sem oft eru sögð vera meginuppistaða menningarinnar og auka í stað þeirra vægi aðgerða eða verka, líkra þeirra sem hann hefur gert sig að túlk fyrir hér að framan.<sup>51</sup> Á grundvelli hagnýtra rannsókna talar Swidler um menningu sem drifkraft félagslegra umbóta og breytinga á annan hátt en venja er. Gildin í líkani hennar koma nefnilega ekki á undan aðgerðum og breytingum, heldur fremur á eftir þeim, sem réttlæting fyrir þau verk sem þegar hafa verið unnin. Manneskjan notar menninguna til að tjá vilja sinn fremur en að menningin stýri

<sup>48</sup> Willis Jenkins, *The Future of Ethics*, bls. 87.

<sup>49</sup> Sama rit, bls. 88.

<sup>50</sup> Ann Swidler, „Culture in Action: Symbols and Strategies,“ *American Sociological Review* 51:2/1986, Ann Swidler, *Talk of Love: How Culture Matters*, Chicago: University of Chicago Press, 2001, Kathryn Tanner, *Theories of Culture: A New Agenda for Theology*, Minneapolis: Fortress Press, 1997.

<sup>51</sup> Willis Jenkins, *The Future of Ethics*, bls. 92.

manneskjunni, er inntak túlkunar Swidler.<sup>52</sup> Á þann hátt leggur hún mun meiri áherslu á getu og hæfileika manneskjunnar en oft hefur verið raunin í hefðbundnum túlkunum þar sem áhersla er lögð á að maðurinn stýrist af menningunni og gildum hennar.<sup>53</sup> Í líkani Swidler hefur menningin áhrif á breytni manna, með því að sjá manneskjum sem „breytendum“, í tvöfaldri merkingu þess orðs, fyrir efnisskrá þar sem finna má margs konar möguleika og hæfni til aðgerða sem hægt er að grípa til svo að ná megi settum markmiðum. Í menningarlíkani Swidler er einnig fjallað um menningu sem verkfærakistu þar sem fyrirfinnast bjargráð eins og tákni, frásagnir, helgisögur og heimsmýnd, svo að nokkuð sé nefnt.<sup>54</sup> Allt þetta „dót“ má nota sem tæki til að útskýra og réttlæta hvernig tekist er á við vandamál af ýmsu tagi. Líkan Swidler skilur því menninguna þannig að hún sjái fólki fyrir réttlætingu á gerðum sínum. Frumforsendan er að fólk sé virkir gerendur og breytendur í samfélagi sínu og leitist við að skapa lífi sínu merkingu. Það notar menninguna til að útskýra og réttlæta gerðir sínar sem það tekur sjálft ákvarðanir um. Það er töluvert annað en að segja að fólk aðhafist einungis það sem gildi þess gefi tilefni til, líkt og manneskjur séu strengjabrúður sem hlýða fyrirmælum boða og banna menningarinnar. Manneskjan sem virkur gerandi breytir af eigin hvötum og sækir réttlætingu gerða sinna í efnisskrá (eða verkfærakistu) menningarinnar. Í túlkun Swidler eru aðgerðir og verk því ekki bein afleiðing gilda heldur val manneskjunnar sem síðan grípur til ýmiss konar verkfæra til að útskýra breytni sína og val.

Sá mannskilningur sem býr að baki menningarskilningi Swidler hentar verkhyggju Jenkins vel þar sem hann leggur mikið upp úr hæfni fólks og sköpunarkrafti til að taka til verka. Hann gengur þó ekki svo langt að aftengja heimsmýnd eða gildi algerlega í umræðu sinni um menninguna heldur nýtir sér blæbrigðaríka framsetningu Swidler til að undirstrika samspil beggja þátta. Swidler talar um að á tímum óróleika í samfélagi og menningu sé oft reynt að skerpa á gildum og heimsmýnd en sama samfélagsástandi fylgi einnig þörf fyrir að setja fram nýjar hugmyndir. Þannig sé óróleika og ógnum ýmist mætt með stöðugleika eða nýsköpun.<sup>55</sup> Það er greinilegt að Jenkins nýtir sér þetta til að styðja við þá hugmynd að fordæmalausar aðstæður af völdum loftslagsbreytinga krefjist nýsköpunar og nýstárlegra aðgerða.

Jenkins nýtir sér helstu þætti menningarskilnings Swidler á uppbyggilegan hátt og setur inn í sviðsmýnd af samtíðinni þar sem fólk leitar örvæntingarfullt nýrra leiða og lausna til að mæta þeirri ógn sem stafar af loftslagsbreytingum. Framsetning Swidler fær stuðning frá guðfræðingnum Kathryn Tanner sem bendir á að hið guðfræðilega framlag til menningarinnar sé í mörgum tilvikum einstaklega frjótt og skapandi því að það verði oft til á mörkum þess sem talið er mögulegt og skynsamlegt og fylli ákveðið tóm sem aðrar fræðigreinar geti ekki fyllt eða kæri sig ekki um að fylla. Frásagnir kristinnar hefðar og trúararfs geti opnað nýjar og spennandi víddir sem ögri ríkjandi skilningi á því hvað sé mögulegt og gerlegt.<sup>56</sup> Saman mynda þessir þættir úr smiðjum Swidler og Tanner grunninn undir framsetningu Jenkins á kristinni siðfræðilegri verkhyggju. Kristin siðfræði, skrifar hann, á að taka til verka á grundvelli vandamálanna eins og þau birtast vegna þess að í þeim má skynja flóknar

<sup>52</sup> Ann Swidler, *Talk of Love*, bls. 71–88.

<sup>53</sup> Sjá Sólveig Anna Bóasdóttir, „„Religio mihi est“. Religo(n) sem helgar skyldur, helgisiðir, kenningarkerfi og trúarleg tilfinning“, *Ritroð Guðfræðistofnunar* 40/2015, sótt 19. maí 2017 af: <https://ojs.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/1919>.

<sup>54</sup> Ann Swidler, *Talk of Love*, bls. 104–105.

<sup>55</sup> Willis Jenkins, *The Future of Ethics*, bls. 92–93. Ann Swidler, *Talk of Love*, bls. 107–109.

<sup>56</sup> Sama rit, bls. 93–95. Kathryn Tanner, *Theories of Culture*; Kathryn Tanner, *The Politics of God: Christian Theologies and Social Justice*, Minneapolis: Fortress Press, 1992.

siðferðilegar kröfur sem laða fram kraft nýsköpunar innan menningarinnar. Kristin siðfræði sé afl sem hafi margt fram að færa þegar kemur að túlkun og mati á félagslegum og siðferðilegum vandamálum. Þeir sem vinna með hana ættu að læra af frjálsum félagsamtökum og öðrum grasrótahreyfingum, trúarlegum og ekki trúarlegum, að nýjum og skapandi lausnum. Kristnir siðfræðingar geta, eins og aðrir hópar og hreyfingar, notað og nýtt trúarlegar hefðir sínar og bjargráð sem eru í mörgum tilvikum einstaklega skapandi verkfæri til að túlka veruleikann og benda á nýjar leiðir fram á við.<sup>57</sup>

Að lokum er þá aðeins eftir að grennslast nánar fyrir um hvað hið hnattræna við loftslagsbreytingar merkir í samhengi kristinnar siðfræðilegrar verkhyggjunálgunar og mun ég í síðasta hluta greinarinnar kanna svar Jenkins við þeirri spurningu. Í umræðunni um viðbrögð við hnattrænum loftslagsbreytingum af mannavöldum segir Jenkins það enn of algengt að fólk telji nægjanlegt að aðhafast fyrst og fremst út frá hagsmunum eigin hóps, þjóðar eða lands. Þessari nálgun hafnar hann og segir að styðja eigi við hugmyndir um eitt siðferðilegt samfélag sem taki til vandamála af völdum loftslagsbreytinga hvar sem er í heiminum. Þetta sé ófrávíkjanleg forsenda verkhyggjunálgunarinnar því að einungis út frá þeirri forsendu sé hægt að ætlast til að ólíkir hópar vinni saman, deili reynslu sinni og læri hver af öðrum — ekki á grundvelli þess að allir séu eins inni við beinið, deili sömu mannlegu náttúru eða eitthvað slíkt, heldur vegna þess að vandamálið sjálft sé þess eðlis að það gangi þvert á lönd, menningu, trú og aðrar breytur sem máli skipta. Sú staðreynd geri það nauðsynlegt að teygja sig yfir þær hindranir sem fyrir liggja í menningu og samfélögum. Í stað þess að vísa til altækra gilda, hugmynda um sameiginlegt eðli manneskjunnar eða sameiginlegrar skynsemi segir Jenkins það nægjanlegan grundvöll hnattrænnar siðfræði að benda á yfirstandandi hnattrænar loftslagsbreytingar sem ógna menningu, mannkyni og vistkerfinu öllu.<sup>58</sup> Hnattræn siðfræði sé ekki það sama og það sem kallað hefur verið heimssiðfræði<sup>59</sup> (e. *world ethics*) eða altæk siðfræði<sup>60</sup> (e. *universal ethics*), þótt hún eigi margt sameiginlegt með þeim greinum. Það sem einkenni hnattræna siðfræði hans sé að hún teygja sig yfir landfræðileg og menningarleg landamæri og hindranir og virði viðleitni alls konar einstaklinga og hópa sem leitast við að taka sameiginlega ábyrgð á vistfræðilegum vandamálum samtímans.<sup>61</sup> Kenningar heimspekingsins Irisar Marion Young<sup>62</sup> um kerfislæg hnattræn vandamál og viðbrögð við þeim nýtir Jenkins út í hörgul og skýrir hvernig gjörðir fjölda manns í eigin þágu, á mismunandi stöðum og á löngum tíma hafi skapað loftslagsbreytingar sem einstaklingar og hópar á öðrum tíma og öðrum stöðum líða fyrir.<sup>63</sup> Líta þurfi á loftslagsbreytingar af mannavöldum sem kerfislægt vandamál en til að breyta óréttlátu kerfi eða formgerð þurfi meira til en að ráðast að samvisku valdamanna. Það sé takmark þeirrar nálgunar sem hann aðhyllist að beina kastljósinu að kerfislægu óréttlæti í heiminum sem styður við loftslagsbreytingar — ekki aðeins að einblína á siðferði einstakra fyrirtækja og samsteypa. Til að ná þessu fram þurfi mismunandi netverk og samstarf ólíkra hópa og

<sup>57</sup> Willis Jenkins, *The Future of Ethics*, bls. 95–97.

<sup>58</sup> Sama rit, bls. 111–112.

<sup>59</sup> Nigel Dower, *World Ethics: The New Agenda*, Edinborg: Edinburgh University Press, 1998.

<sup>60</sup> Christien van den Anker, „What is Global Ethics? Bridging the Gap Between Universal and Contextual Theories“, *Sustainable Development and Global Ethics*, ritstj. Carl-Henric Grenholm og Normunds Kamergrauzis, Stokkhólmi: Elanders Gotab, bls. 95–110.

<sup>61</sup> Willis Jenkins, *The Future of Ethics*, bls. 113.

<sup>62</sup> Iris Marion Young (1949–2006), sem lést langt fyrir aldur fram, var stjórn málaheimspekingur og femínisti sem fjallaði mikið um réttlæti, jafnrétti og mismun. Meðal þekktustu bóka hennar eru: *Justice and the Politics of Difference* (1990), *Inclusion and Democracy* (2000), *Global Challenges* (2007) og *Responsibility for Justice* (2011).

<sup>63</sup> Iris Marion Young, *Responsibility for Justice*, New York: Oxford University Press, 2011, bls. 105, 124.

einstaklinga frá mismunandi stöðum á hnettinum að koma inn í myndina. Verkefni hnattrænnar siðfræði felist því að miklu leyti í að skapa tengsl milli hinna mörgu ólíkra hópa, þróa vináttu og samstarf.

Reynum að átta okkur betur á hvað felst í þessu svari Jenkins. Ólíkt því sem á við um margar þekktar framsetningar á hnattrænni siðfræði er hér ekki lögð áhersla á sameiginlegan gildagrundvöll sem byggist á altækum siðferðilögmálum og reglum. Fjölbreytileikanum er fagnað og litið á hann sem álíka trausta undirstöðu nauðsynlegra aðgerða til að hamla gegn afleiðingum loftslagsbreytinga og siðferðilegar reglur og lögmál. Fremur en að sameiginlegur gildagrúnnur sé forsenda hnattrænnar siðfræði eru það hugsjónir um samstarf og vonir um sameiginlega framtíð. Samstarfið og vonirnar eru hvort tveggja uppspretta og akur sem skapar og hlúir að krafti og áráði sem eru nauðsynlegir þættir til að takast á við vandamálin og vinna að því að umbreyta ranglátu valdakerfi í réttlátara og sanngjarnara kerfi.

Tengja má hnattræna siðfræðiframsetningu Jenkins við nýlega mannréttindaorðræðu þar sem minna er lagt upp úr sameiginlegum gildagrúnni og röksemdum „að ofan“ um sameiginlegt manlegt eðli, en meira fengist við að grundvalla mannréttindi á þörf raunverulegs fólks um allan heim fyrir réttlæti og mannúð.<sup>64</sup> Gildi mannréttinda, að mati Jenkins, liggur ekki í að þau eigi sér stoð í altækum sannleika um manneskjuna eða mannlega náttúru heldur liggur gildi þeirra í raunverulegum og óréttlátum lífsaðstæðum fólks sem heimurinn allur þarf nauðsynlega að bregðast við.<sup>65</sup> Hnattræn kristin siðfræði á tímum loftslagsbreytinga snýst um að styðja mótvægisáðgerðir gegn loftslagsbreytingum, búa bilið milli ólíkra menningaheima, þjóðríkja og annarra manngerðra landamæra. Hún miðar að því að mæta afleiðingum loftslagsbreytinga af ábyrgð með réttlæti að leiðarljósi. Ávinningurinn er ekki vel rökstuddar yfirlýsingar eða skýrslur sem útlista nauðsynlegar áðgerðir, heldur suðupottur og samblanda hugmynda og hugsjóna í framkvæmd.<sup>66</sup>

## Lokaorð og ályktanir

Verkhyggja Willis Jenkins er áhugavert andsvar kristinnar siðfræði á tímum hnattræns vanda sem mannkyn stendur frammi fyrir vegna loftslagsbreytinga af mannavöldum. Jenkins gengur út frá því að kristin siðfræði sé virk rödd í samfélaginu sem er mjög umdeilt nú um stundir svo að ekki sé meira sagt. Flestir ættu þó að geta verið sammála um það að vandamál sem stafa af loftslagsbreytingum eru mörg og krefjandi og mikilvægt að nálgast þau frá ýmsum hliðum með skapandi hætti. Einn þeirra þátta sé að leitast við að brúa bilið milli ólíkra hópa víðs vegar um veröldina sem hafa þegar hafið mótvægisáðgerðir af ýmsu tagi. Jenkins staðsetur sig innan arfleifðar siðfræðingsins H. Richards Niebuhr sem var leiðandi á sviði kristinnar siðfræði um miðja síðustu öld. Hann er þó gagnrýninn á þessa arfleifð og leitast við að umbreyta hefðbundinni nálgun sem kristnir siðfræðingar hafa fylgt áratugum saman og hann kallar heimsmyndarnálgun. Að hans mati byggist hin viðtekna nálgun á skynsemishyggju og þeirri forsendu að til að breyta raunheiminum þurfi að byrja á að breyta táknefnum. Jenkins hafnar þessari leið með þeim rökum að hún sé of seinvirk, án þess þó að halda því fram að hún sé gjörsamlega gagnslaus. Réttlætning hans fyrir nauðsyn nýrrar nálgunar er einfaldlega sú að krefjandi vandamál vegna yfirstandandi

<sup>64</sup> Linda Hogan, *Keeping Faith with Human Rights*, Washington DC: Georgetown University Press, 2015.

<sup>65</sup> Willis Jenkins, *The Future of Ethics*, bls. 130.

<sup>66</sup> Sama rit, bls. 141.

loftslagsbreytinga kalli á að gripið sé til verka án tafar. Aðalatriði í hans huga er að ólíkar trúarhreyfingar og hópar í heiminum sýni virkni, taki höndum saman og deili þekkingu og reynslu af verkefnum og verkum þvert á mörk landa, þjóða og menningar. Einnig má sjá umræðu um tilvistarlega þætti hjá honum, eins og nauðsyn þess að tapa ekki voninni, vera opinn fyrir einhverju nýju í gjörsamlega vonlausum aðstæðum. Hvernig á mannkyn þá að bregðast við loftslagsbreytingum? Er nokkurt öruggt svar til við þeirri spurningu? Í stað þess að festast í flókinni heimspekilegri umræðu um sameiginlegt mannlegt eðli eða altæka skynsemi sem öllum sé gefin í vöggugjöf beinir hann sjónum að von, opnum huga, krafti, virkni og möguleikum manneskjunnar til að hafa áhrif á líf sitt og umhverfi. Manneskjan er virk og skapandi lífvera sem getur tekist á við erfiðar aðstæður þegar svo ber undir. Ýmiss konar bjargráð standa henni til boða og trúin er eitt þeirra. Jenkins lítur á menningu sem verkfæri sem við notum til að skapa merkingu og gera okkur skiljanleg(ri) frammi fyrir öðrum. Trúað fólk og trúarhópar nota trú sína, sem er hluti menningarinnar, með ýmsu móti. Bjargráð trúarinnar eru fjölmörg, bæði margbreytilegt starf fjölmargra trúarhópa en einnig innblástur frásagna Biblíunnar sem nota má sem umræðugrundvöll og tæki til að umbreyta ranglátum heimi. Líf og starf Jesú í þágu hinna jaðarsettu og kúguðu er þar alltaf meginatriði.

Jenkins leggur áherslu á þörfina fyrir að útvíkka vestræna, mannhverfa siðfræðihéð og innlima vistkerfið allt í hugsjónina um náungakærleika. Hnattræn kristin siðfræði hans hvetur til samvinnu við aðra sem stefna að sama marki, nefnilega því að vinna að réttlæti innan vistkerfisins. Það er erfitt að finna slíkri hvatningu eitthvað til foráttu enda er það ekki gert hér. Framlag Jenkins er áhugavert og lofsvert því að kristin siðfræði á öllum tímum þarf að vekja og viðhalda von. Með kristinni verkhyggjunálgun sinni leitast Jenkins við að bjóða von í vonlitlum eða jafnvel, í augum margra, vonlausum aðstæðum. Vonin er ekki neinn loftkastali heldur felst í henni hvatning til dáða á ógnvænlegum tímum þar sem trú á gildi samvinnu til góðra verka er grundvöllurinn.